

**118. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 26. september, 2022 kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.**

Viðstaddir eru: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Þór Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurbrepps, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar var fjarverandi

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2023**

Lögð fram eins og hún stendur núna en fjárhagsáætlun er á vinnslustigi, staðan eftir sumarið 2022 er að koma vel út miðað við áætlun. Stendur ekki til að hækka aðgangseyri en endurskoða að ári með tilliti til spá um hvernig þróunin verður.

**2. Styrkumsóknir 2023**

Gerð grein fyrir þeim umsóknum sem eru í farvatninu. Það þarf að koma til viðhalds á Smiðjunni á Þingeyri og séð til þess að sótt verði um í þá sjóði sem viðkoma bátasafni Byggðasafnins. Hér þarf einnig að taka tillit til geymslumála og sjá til hvað liggur fyrir.

**3. ICOM og Farskóli**

Sagt frá fundum. Forstöðukona fór til Prag og sat ICOM ráðstefnu sem þar var haldinn og kynnti sér stöðu safnamála á heimsvísu. Farskóli safna og safnanna var haldin á Héraði 21. – 23. september. Gert grein fyrir nokkrum umfjöllunarefnum og málstofum sem forstöðukona og sérfræðingur safnsins sátu á meðan farskóla stóð.

**4. María Júlía**

Staða mála rædd. Mannskap vantar til þess að gera bátinn kláran til sjóferðar. Næstu skref eru að undirbúa skipið og hafa samband við Landhelgisgæsluna sem ætlar að sjá um flutning. Slippurinn á Akureyri er tilbúin til þess að taka á móti skipinu eins og staðan er í dag.

**5. Önnur mál**

Fundi slitið 13:05